

Stöðuskýrsla um aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016

Mars 2015

Starfshópur um málefni Vísinda- og tækniráðs sem skipaður er fulltrúum ráðuneyta, Rannís og formönnum starfsnefnda ráðsins undir forsæti forsætisráðuneytisins heldur utan um aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs og gefur skýrslu um framvindu hennar til ráðsins. Við samþykkt áætlunarinnar 22. maí 2014 lá fyrir að brugðist hafði verið við ýmsum markmiðum stefnu ráðsins þá þegar. Af þeim sökum er hér í þessari skýrslu aðeins getið þeirra markmiða sem fela í sér beina aðgerð. Hér er gerð grein fyrir stöðu 19 aðgerða, sumra í nokkrum liðum. Aðgerðirnar eru misumfangsmiklar, allt frá því að koma tilmælum á framfæri bréfleiðis upp í það að Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið samþykki auknar fjárveitingar til samkeppnissjóða. Við utnumhald forsætisráðuneytisins á áætluninni hefur komið í ljóst að tímamörk þau sem aðgerðum voru sett, voru í ýmsum tilfellum of þröng og þar af leiðir að framkvæmd einhverra þeirra mun taka mið af því. Frá því að aðgerðaáætlunin var samþykkt er sex aðgerðum lokið. Þessi skýrsla er fyrsta stöðuskýrslan en gert er ráð fyrir að birta slíka skýrslu tvisvar á ári.

1.1. Auka fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF), þannig að árið 2016 nái þær 3,0% af henni.

Aðgerð 1: Aukin fjárfesting fyrirtækja 5. milljarðar kr. Skapa þannig umhverfi fyrir fyrirtæki að þau sjái hag í að auka hlut sinn í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Sérstaklega er hér horft til skatthvata. Þessi aðgerð helst í hendur við aðgerðir 1.7, 1.8, 1.10 og 3.2.

Aðgerð 2: Auka fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF), þannig að árið 2016 nái þær 3% af henni.

Staða

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2015, að tillögu ríkisstjórnarinnar, hækkun í samkeppnissjóði um 800 m kr. sem koma til úthlutunar á þessu ári. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir hækkun í sömu sjóði á árinu 2016 um 2 milljarða kr.

Nýjustu tiltækar tölur um fjárfestingu í rannsóknum og þróun hér á landi eru frá árinu 2011 en þá var 2,6% af vergri landsframleiðslu varið til rannsókna og þróunar. Fyrirtæki fjármöggnuðu 48% af öllum útgjöldum, opinber framlög námu 42% og önnur framlög, þ.m.t. erlend framlög, námu 10%. Í lok apríl nk. er von á nýrri tölum frá Hagstofu er sýna stöðu fjárfestingarinnar árið 2013. Að öðru leyti er vísað í stöðu aðgerða nr.1.6., 1.8., 1.10. og 3.2.

1.2. Styrkja fjármögnun háskólakerfisins hér á landi svo hún verði að minnsta kosti sambærileg við meðaltal aðildarríkja OECD árið 2016 og Norðurlanda árið 2020. Í þessu samhengi verði háskólar og einstakar einingar þeirra flokkaðar með tilliti til mismunandi hlutverka og faglegs alþjóðlegs styrks.

Aðgerð: Gerð verði áætlun um fjármögnun háskólastarfs til ársins 2020 með það að markmiði að fjármögnun verði sambærileg fjármögnun í OECD árið 2016 og á öðrum Norðurlöndum við lok tímabilsins.

Nokkrar aðgerðir koma til með að styrkja fjármögnun háskólanna á næstu tveimur árum: a) aðgerð 1.1. um hækkun framlags í samkeppnissjóði sem mun styrkja fjármögnun vísindastarfs innan háskólanna, b) aðgerð 1.5. um viðurkenningu á föstum álagskostnaði, c) aðgerð 1.6. um skattalega hvata til fyrirtækja og d) aðgerð 2.4. um hvatningu til fyrirtækja, rannsóknarstofnana og háskóla til samstarfs við háskóla. Tvær síðastnefndu aðgerðirnar miða meðal annars að því að auka samstarf fyrirtækja og háskóla um rannsóknartengt nám.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur nú að því að hækka reikniflokka háskólanna í áföngum. Vísinda- og tækniráð telur þessar aðgerðir mikilvægar til að ná markmiði um að styrkja fjármögnun háskóla og styður við þær.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Staða

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur nú að heildstæðri stefnumótun fyrir málefnasviðið „Háskólar og vísindastarfsemi“ til 5 ára þ.e. til ársloka 2019. Stefnan mun hafa það að markmiði að auka skilvirkni, samþættingu, árangur og gæði innan kerfisins. Ráðuneytið getur m.a. lagt stefnuna til grundvallar þátttöku sinni í mótun stefnu í vísindum og tækni á vettvangi Vísinda- og tækniráðs sem tekur til ólíkra þátta æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar og stoðaðila málaflokksins í kerfinu sjálfu.

Ráðuneytið mun leggja fram megináherslur og forgangsröðun í málaflokknum vorið 2015.

1.5. Tryggja skal að reglur íslenskra samkeppnissjóða um samrekstrarkostnað og mótframlög taki mið af þróun á alþjóðavettvangi, s.s. í Horizon 2020.

Aðgerð: Því verði beint til stjórna opinberra samkeppnissjóða (Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, Innviðasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Markáætlun, Nýsköpunar-sjóður námsmanna, Fornminjasjóður, Launasjóður fræðirithöfunda, Orkusjóður, Átak til atvinnusköpunar, Rannsóknasjóður til að aukaverðmæti sjávarfangs (AVS), Verkefnasjóður sjávarútvegsins, Samgöngurannsóknir) að úthlutunarreglur taki mið af úthlutunarreglum á alþjóðavettvangi, sér í lagi rammaáætlun Evrópusambandsins fyrir rannsóknir og nýsköpun (Horizon 2020) en það felur m.a. í sér viðurkenningu á föstum álagskostnaði (overhead cost) 25%.

Ábyrgðaraðili: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti

Staða – lokið

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók að sér að framfylgja aðgerðum 1.5, 3.2 og 4.3 sem allar snúa að ábendingum til stjórna opinberra samkeppnissjóða. Bréf var sent út til sjóðanna í febrúar 2015.

1.6. Nýta skattkerfið markvisst til að hvetja til fjárframlaga fyrirtækja og einstaklinga til vísinda og nýsköpunar.

Aðgerð 1: Efnt verði til kynningarátaks um endurgreiðslur til fyrirtækja vegna fjárfestinga í rannsóknum og nýsköpun. Átakinu verði beint að fyrirtækjum og stofnunum. Jafnframt verður umsóknarfrestur færður til 1. okt. ár hvert.

Ábyrgðaraðili: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Staða

Brugðist hefur verið við þessari aðgerð á tvennan hátt.

Annars vegar var umsóknarfresturinn um endurgreiðslur til fyrirtækja vegna fjárfestinga í rannsóknum og nýsköpun auglýstur í blöðum og á heimasíðu Rannís á síðasta ári. Hann var einnig færður til 1. október. Rannís stóð fyrir fjórum kynningum utan Reykjavíkur á síðasta ári, auk kynningar í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins í Reykjavík og á Akureyri. Að auki hafði stofnunin samband við nokkrar opinberar stofnanir sem eru með starfsemi á landsbyggðinni (Nýsköpunarmiðstöð, Byggðastofnun og Matís) og óskaði eftir því að starfsfólk þeirra kynnti skattvæðinguna eins og kostur væri og einnig var óskað eftir að Byggðastofnun legði áherslu á að koma upplýsingum til atvinnuþróunarfélaga um allt land. Umsóknir af landsbyggðinni voru fleiri árið 2014 en árið á undan. Umsóknum af höfuðborgarsvæðinu fjölgaði hlutfallslega um 2% en umsóknum af landsbyggðinni fjölgaði um þriðjung. Á árinu 2015 verða kynningarfundir haldnir á tímabilinu mars til september og er útfærsla fundanna í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Rannís. Byggðaáætlun mun fjármagna kynningarátakið.

Hins vegar vinnur nú fjármála- og efnahagsráðuneytið, í samstarfi við forsætisráðuneytið að útfærslu á kynningarefni um endurgreiðslurnar, í formi viðtala við fulltrúa fyrirtækja sem hafa nýtt sér afslættina. Gert er ráð fyrir að um margmiðlunarefni verði að ræða.

Aðgerð 2: Settur verði á laggirnar verkefnishópur með fulltrúum vísindanefndar, tækninefndar, forsætisráðuneytis, atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytis og fjármála og efnahagsráðuneytis sem hafi það markmiði að útfæra slíka skattalega hvata. Verkefnishópurinn horfi til reynslu annarra þjóða af slíkum skattalegum hvötum og skili tillögum um útfærslu til vísindanefndar- og tækninefndar. Vísinda – og tækniráð fjalli um útfærslurnar haustið 2014, með það að markmiði að nauðsynlegar lagabreytingar geti átt sér stað vorið 2015.

Starfshópurinn taki til skoðunar hvort:

Koma eigi á nýjum skattalegum hvötum sem hvetji einstaklinga og fyrirtæki til að leggja fram fé í sjóði ætlaða rannsóknum og nýsköpun, eða í háskóla eða í rannsóknarstofnanir.

Hækka eigi þak endurgreiðslu til fyrirtækja vegna fjárfestingar í rannsóknum og nýsköpun sbr. lög nr. 152/2009.

Veita skuli erlendum sérfræðingum sem fyrirtæki, stofnanir eða háskólar ráða til sín, tímabundinn skattafrádráttar.

Aðgerð 3: Fyrirtæki sem styðja meistara- og doktorsnemendur til að vinna verkefni í samstarfi við þau, fái skattfrádrátt vegna styrkjanna. Aðgerðin styðst við aðgerð 2.4. og styður við aðgerð 3.1.

Endurgreiðsla námslána er allnokkuð íþyngjandi fyrir ungt fólk, en jafnframt er rekstur LÍN íþyngjandi fyrir íslenska ríkið. Það er margskonar hagur sem getur falist í að nemendur og fyrirtæki leiði saman hesta sína í meistara- og doktorsverkefnum.

Skipaður verði starfshópur sem í sitji fulltrúar frá vísindanefnd, tækninefnd, háskólastiginu, Samtökum atvinnulífsins, fjármála- og efnahagsráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Starfshópnum verði falið að leggja fram tillögur að útfærslu skattalegra hvata til fyrirtækja sem styrkja meistara- og doktorsnemendur til að vinna verkefni sín í samstarfi við fyrirtækin. Starfshópurinn skili tillögum sínum til vísindanefndar og tækninefndar fyrir 1. október 2014. Vísinda- og tækniráð fjalli um tillögurnar haustið 2014, með það að markmiði að nauðsynlegar lagabreytingar og breytingar á reglum LÍN geti átt sér stað vorið 2015.

Ábyrgðaraðili: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Staða

Hér er fjallað saman um aðgerðir 2 og 3. Þær snúa að því að auka fjárfestingu fyrirtækja og einstaklinga til vísinda og nýsköpunar. Fyrirhugað er að stofna einn starfshóp til að taka fyrir aðgerð 2 og 3, þ.e. taka til skoðunar núverandi fyrirkomulag og hvort þörf sé á breytingum á því, t.d. í formi nýrra skattalegra hvata.

Í fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur eftirfarandi verið gert frá því aðgerðaáætlunin var samþykkt vorið 2014.

- a) Gildistími laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki var framlengdur um fimm ár frá síðustu áramótum og unnið er að reglugerð með lögum.
- b) Fyrirhugað er að fjármála- og efnahagsráðherra kynni frumvarp um skattívilnanir vegna hlutabréfakaupa (breyting á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt) í ríkisstjórn í vor. Mun frumvarpið m.a. byggja á greinargerð starfshóps sem skilaði skýrslu í desember 2013 um skattívilnanir til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum. Frumvarpið ætti því að vera tilbúið til framlagningar í þinginu í haust. Viðbúið er að vinna við undirbúning þessa frumvarps muni taka drjúgan tíma í ráðuneytinu og því skynsamlegt að bíða með að setja

ofangreindan starfshóp af stað þar til þeirri vinnu er lokið. Til að nýta tímann sem best þar til starfshópurinn getur tekið til starfa hefur verið rætt um að fá utanaðkomandi aðila til að gera úttekt á því hvaða árangri skattvælanir í öðrum löndum hafa skilað.

1.8. Skapa umhverfi fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum.

Aðgerð: Settur verði á laggirnar verkefnishópur sem í sitji fulltrúar frá vísindanefnd, tækninefnd, samtökum sprotafyrirtækja, fjármála- og efnahagsráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Hópnum verði falið að leggja fram tillögur sem stuðlað geti að bættu aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að framtaksfjármagni og skapað vettvang fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum.

Tekinn verði til skoðunar sá möguleiki að skrá nýsköpunarfyrirtæki á hlutabréfamíðlun (lista) sem þó sé háð einfaldari skilyrðum en skráning í kauphöll.

Starfshópurinn skili tillögum sínum til vísindanefndar og tækninefndar fyrir 1. febrúar 2015. Vísinda- og tækniráð fjalli um tillögurnar vorið 2015, með það að markmiði að nauðsynlegar lagabreytingar geti átt sér stað haustið 2015. Aðgerðin styður við 1.7.

Ábyrgðaraðili: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Staða

Verkefnishópur hefur verið að störfum síðan í september 2014. Helsta verkefni hópsins er að skila tillögum til úrbóta hvað viðkemur fjármögnunarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Vinna hópsins hefur einkum falist í gagnaöflun og samráði við helstu hagsmunaaðila og sérfræðinga (þ.m.t. fjárfesta, sérfræðinga, Kauphöllina, ráðuneyti o.fl.). Þá var tekin ákvörðun um að ráðast í vinnu stöðumats sem hópurinn sjálfur, og hagsmunaaðilar, töldu forsendu fyrir tillögugerðinni. Vinna við stöðumat og viðtöl við hagsmunaaðila á sér stað þessa dagana og áætlað er að stöðumatið liggi fyrir í maí. Hópurinn gerir ráð fyrir að skila tillögum til vísinda- og tækninefndar fyrir lok júní á þessu ári.

1.9. Efla sókn í samkeppnissjóði og markaði á alþjóðlegum vettvangi.

Aðgerð: Lög um samkeppnissjóði Vísinda- og tækniráðs verði endurskoðuð svo að tryggt sé að stjórnir sjóðanna geti markað stefnu hvað varðar sókn í alþjóðlega samkeppnissjóði og alþjóðlega markaði.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samráði við og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Staða

Vinnuhópur um endurskoðunina hefur verið myndaður með þátttöku mennta- og menningarmálaráðuneytis og vísindanefndar. Fyrsti fundur hópsins var í byrjun mars 2015.

1.10 Auka stuðning og ráðgjöf við nýsköpunarfyrirtæki sem stefna á alþjóðlegan markað..

Aðgerð: Verkefnishópur verði settur á laggirnar sem hafi það verkefni að bæta og einfalda þjónustu og ráðgjöf við umsækjendur í erlenda sjóði.

Þjónusta og ráðgjöf við umsækjendur í erlenda sjóði er dreifð víðs vegar um stjórnkerfið, svo sem hjá Rannís, Nýsköpunarmiðstöð, hjá Byggðastofnun og í ráðuneytum. Í skýrslunni *Tækifæri til sóknar* var lagt til að öll þessi þjónusta færi á einn stað og skömmu seinna var þjónusta við áætlanir á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis færð undir Rannís.

Hér er lagt til að settur verði á laggirnar verkefnishópur undir stjórn forsætisráðuneytis með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Hópurinn skuli hafa það verkefni að bæta og einfalda þjónustu og ráðgjöf við umsækjendur í erlenda sjóði (m.a. Horizon 2020). Hópurinn kynni afrakstur vinnu sinnar fyrir Vísinda- og tækniráði.

Ábyrgðaraðili: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Staða

Yfirmarkmið verkefnisins er að einfalda og samræma þjónustu og ráðgjöf við umsækjendur frá nýsköpunarfyrirtækjum í erlenda sjóði.

Í aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs er fyrir árin 2014–2016 lagt til að settur verði á laggirnar starfshópur sem hafi það verkefni að bæta og einfalda þjónustu og ráðgjöf við umsækjendur í erlenda sjóði. Verið er að leggja lokahönd á stöðumat þar sem dregin er upp mynd af þeim sjóðum og verkefnisáætlunum sem Íslendingum stendur til boða. Þegar stöðumat liggur fyrir verða greindar þarfir markhópa og tækifæri kortlögð til að bæta þjónustu og auðvelda aðgengi að henni. Leitað verður til notenda þjónustunnar, svo sem frumkvöðla, fyrirtækja og stofnana sem geta sótt um til viðkomandi sjóða og/eða áætlana. Þegar stöðumat og þarfagreining liggur fyrir verða skilgreindar leiðir til að einfalda og bæta þjónustu og ráðgjöf við umsækjendur svo efla megi sókn í erlenda sjóði og samstarfsverkefni. Tillögur verða tilbúnar í maí 2015.

1.11. Móta aðgerðaáætlun um þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknaráætlunum, einkum þar sem fjármagna þarf íslenska þátttöku með opinberu framlagi.

Aðgerð: Stjórnir Rannsóknarsjóðs og Tækniþróunarsjóðs vinni aðgerðaáætlun um þátttöku Íslands í alþjóðlegum áætlunum sem fjármagnaðar eru með opinberu framlagi. Drög að áætlun verði kynnt vísindanefnd og tækninefnd fyrir 1. febrúar 2015.

Ábyrgðaraðili: Rannís.

Staða

Vegna aukins fjármagns til Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknarsjóðs (sbr. aðgerð 1.1) sem báðir eru samkeppnissjóðir hafa sjóðirnir unnið að mótun stefnu um það hvernig fénu skuli varið. Stefna sjóðanna mun liggja fyrir vorið 2015 en báðir gera þeir ráð fyrir að geta tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum.

2.4. Hvetja til aukinnar samvinnu háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja um rannsóknartengt framhaldsnám og þá sérstaklega doktorsnám.

Aðgerð: Gerð lýsingar á þeim réttindum og skyldum sem fylgja samstarfi háskóla og fyrirtækja/ rannsóknarstofnana um doktorsnám. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipi 3-5 manna starfshóp háskóla sem hlotið hafa viðurkenningu til að bjóða upp á rannsóknartengt framhaldsnám. Hópurinn skilgreini hlutverk ólíkra aðila í samstarfi um framhaldsnám. Útbúin verði lýsing á réttindum og skyldum sem fylgja slíku samstarfi. Skal lýsingin ekki takmarkast við hlutverk háskóla og samstarfsaðila hans (fyrirtækis eða rannsóknarstofnunar) heldur skal hún einnig ná yfir og skýra hlutverk nemandans og leiðbeinenda hans. Hópurinn hafi samráð við fulltrúa atvinnulífsins. Skal lýsingin gerð aðgengileg á vefsvæðum háskólanna fyrir þá sem hafa áhuga á að stofna til samstarfs háskóla, fyrirtækja og/eða rannsóknarstofnana um doktorsnám. Jafnframt miðli háskólar verkefnum sem fyrirtæki hafa skilgreint og tillögum nemenda um verkefni.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Staða - lokið

Greining á aðstæðum fyrir samvinnu háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja um rannsóknartengt nám sýnir að öll umgjörð er til staðar til að efla slíka samvinnu. Því er ekki þörf á að breyta reglum eða skilgreiningum námsbrauta til að styðja við slíka samvinnu. Enn fremur eru upplýsingar um grundvöll slíks samstarf nægilega aðgengilegar til þess að fyrirtæki, háskólar og rannsóknastofnanir geti kynnt sér þessa tækifæri og átt samstarf um rannsóknartengt framhaldsnám. Efling samvinnunnar er því fyrst og fremst háð vilja og krafti háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

2.5. Styrkja fjármögnun doktorsnáms með það að markmiði að árið 2016 verði 200 doktorsnemastöður að fullu fjármagnaðar úr innlendum samkeppnissjóðum árlega. Lögð verði áhersla á að styrkja framúrskarandi doktorsverkefni þar sem keppt verði á grundvelli gæða verkefnis og getu nemanda ásamt hæfni og styrkleika samstarfsaðila.

Aðgerð: Fjármögnun doktorsnáms efla þannig að 200 doktorsnemastöður verði árið 2016 að fullu styrktar af innlendum samkeppnissjóðum. Fjármögnun doktorsnáms taki mið af gæðum verkefna, hæfni þátttakenda og samstarfi.

Ábyrgðaraðili: Rannís.

Staða

Allt stefnir í það að árið 2016 verði 200 doktorsnemastöður að fullu styrktar af innlendum samkeppnissjóðum. Í janúar sl. var úthlutað styrkjum úr Rannsóknarsjóði sem byggist á auknu fjármagni í sjóðinn, skv. fjárlögum 2015. Úthlutun þessa árs fjármagnar því að fullu 41 stöðu doktorsnema til þriggja ára. Gert er ráð fyrir að doktorsnemar verði einnig þátttakendur í verkefnum sem veitt verður fé í síðar á árinu. Miðað er við að á næstu árum fái svipaður fjöldi doktorsnema fulla fjármögnun til þriggja ára og því má áætla að um 170 til 180 doktorsnemar verði að fullu fjármagnaðir frá og með 2016 af Rannsóknarsjóði. Að auki fá 30 til 40 nemar fjármagn úr samkeppnissjóðum Háskóla Íslands. Svo samtals er gert ráð fyrir að yfir 200 stöður verði fullfjármagnaðar árið 2016.

2.6. Tryggja alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks vinnumarkaðar fyrir þá sem stunda vísindi og nýsköpun.

Aðgerð: Afgreiðsla umsókna sérfræðimenntaðra einstaklinga utan EES um dvalar- og atvinnuleyfi hjá Útlendingastofnun taki ekki meira en 6 vikur að hámarki. Lagaheimildir eru til staðar til að veita einstaklingum dvalar- og atvinnuleyfi á grundvelli sérfræðiþekkingar séu þeir komnir með ráðningarsamning (lög um útlendinga nr. 96/2002 og lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002). Árið 2013 var svonefndur meðalafgreiðslutími veittra leyfa 40 dagar (minnst einn dagur og lengst 182 dagar) og 167 leyfi voru veitt. Með þessari aðgerð er lagt til að vinnsla umsókna verði stytta í 6 vikur að hámarki frá móttöku fullbúinnar umsókna.

Ábyrgðaraðili: Innanríkisráðuneyti.

Staða - lokið

Meðalafgreiðslutími Útlendingastofnunar frá móttöku fullbúinnar umsókna er rétt undir 6 vikum. Árið 2014 innleiddi Útlendingastofnun nýtt verklag og vinnubrögð við vinnslu umsókna um dvalarleyfi í stjórnsýslunni. Markmið ársins 2015 er að stytta enn afgreiðslutíma umsókna um dvalarleyfi.

2.7. Efla nýliðun með sérstökum átaksverkefnum.

Aðgerð: Ný markáætlun um nýliðun í vísindum og nýsköpun verði sett á laggirnar. Hún taki mið af styrkingu alþjóðlegrar samkeppnishæfni og innan hennar verði m.a. áhersla á nýsköpun á sviði raun-, tækni- og iðngreina og samstarf menntakerfis, rannsóknarstofnana og fyrirtækja.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Staða

Undirbúningur fyrir nýja markáætlun er vel á veg kominn. Auglýst verður eftir umsóknum í áætlunina í október 2015 eins og gert var ráð fyrir.

3.1. Endurskoða skipulag og umgjörð vísinda- og nýsköpunarkerfisins á Íslandi, einfalda löggjöf og vinna að samþættingu. Sameina háskóla, rannsóknarstofnanir og rannsóknasetur eftir því sem við á.

Aðgerð: Sett verði rammalög um rannsóknarstofnanir, með það að markmiði að auka tengsl þeirra innbyrðis og við háskóla og fyrirtæki.

Með því fæst betri heildarsýn yfir starfsemi þeirra og styrkari tengsl milli rannsóknarstarfsemi og stefnumótunar stjórnvalda.

Stærð stofnana og viðmið um lágmarkskröfur taki mið af niðurstöðum verkefnisstjórnar um stofnanakerfi ríkisins á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Til að stofnun geti fengið opinbert fjármagn, sem ætlað er til rannsókna og nýsköpunar, með öðrum hætti en í gegnum samkeppnisjóði skuli hún:

- Skila upplýsingum um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í miðlægt upplýsingakerfi.
- Vinna í samstarfi við aðra að rannsóknum og nýsköpun. Að minnsta kosti 10% rekstrarfjár stofnunar á þriggja ára tímabili komi til vegna samstarfs við fyrirtæki, aðrar stofnanir og háskóla.
- Sýna ábyrgð í rekstri.

Ábyrgðaraðili: Forsætisráðuneyti.

Staða

Ráðuneytið óskaði í desember 2014 eftir tilnefningum í verkefnishóp um gerð rammalöggjafar um rannsóknarstofnanir. Skv. drögum að verkáætlun mun hópurinn:

- Skila skýrslu um þau viðmið og kröfur sem gera skuli til rannsóknarstofnana og fyrirtækja er sinna rannsóknum sem að hluta eða að öllu leyti eru unnar fyrir opinbert fé.
- Í skýrslunni verður gerð grein fyrir þeim valkostum sem í boði eru, þar á meðal óbreyttu ástandi, fjallað um áhrif af þeim og færð rök fyrir þeirri leið sem hópurinn leggur til.
- Jafnframt mun hópurinn gera samantekt um kröfur sem gerðar eru til viðlíka stofnana í nágrannalöndum
- Leitað mun eftir sjónarmiðum þeirra hagaðila sem málið varðar, bæði til að upplýsa um viðfangsefnið og til að skapa sátt um greiningu og tillögur.
- Hópurinn mun hafa samráð við verkefnisstjórn um stofnanakerfi ríkisins sem starfar undir forsæti fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Í desember 2014 var óskað eftir tilnefningum í hópinn og voru þær síðustu að berast í byrjun mars. Verkefnishópur mun hefja störf í marsmánuði.

3.2. Fjölga stuðningsmöguleikum og hvötum til að efla samstarf menntastofnana, rannsóknarstofnana og atvinnulífs.

Aðgerð: Því verði beint til stjórna opinberra samkeppnissjóða (Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, Innviðasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Markáætlun, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Fornminjasjóður, Launasjóður fræðirithöfunda, Orkusjóður, Átak til atvinnusköpunar, Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS), Verkefnasjóður sjávarútvegsins, Samgöngurannsóknir (Ný sýn bls. 54-59)) að samstarf háskóla og annarra menntastofnana, rannsóknarstofnana og annarra opinberra stofnana og/eða fyrirtækja verði talið umsóknum til tekna. Tillagan styður við markmið 2.2., 1.1. og 1.5. Aukið samstarf mennta- og rannsóknarstofnana við fyrirtæki mun auka virkni fyrirtækja í rannsókn- og nýsköpunarstarfi og stuðla að hagnýtingu rannsókna í atvinnulífinu.

Ábyrgðaraðili: Vísinda- og tækniráð.

Staða - lokið

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók að sér að framfylgja aðgerðum 1.5 og 4.3 sem báðar, líkt og þessi aðgerð, snúa að ábendingum til stjórna opinberra samkeppnissjóða. Eitt bréf til sjóðanna hefur verið ritað og var það sent út um miðjan febrúar sl.

3.3. Skilgreina sérstaklega þau viðfangsefni sem krefjast langtímafjármögnunar og tryggja fjármögnun þeirra og hagnýtingu til rannsókna og nýsköpunar.

Aðgerð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið stofni verkefnishóp um málefni rannsóknarinnviða. Eitt af hlutverkum hópsins verði kortlagning á viðfangsefnum sem krefjast langtímafjármögnunar, eða svokölluðum vöktunarverkefnum. Verkefnishópurinn mun skila skýrslu í upphafi árs 2015 þar sem lagðar eru fram tillögur um a) hvernig forgangsraða megi vöktunarverkefnum, b) hvernig stuðla megi að því að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar um vöktun, c) hvort unnt sé að auka hagkvæmni í fyrirkomulagi vöktunar og d) hvernig tryggja megi fjármagn til langtíma verkefna á sviði vöktunar. Áfangaskýrsla verði lögð fyrir starfsnefndir Vísinda- og tækniráðs.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Staða

Verkefnishópur um málefni rannsóknarinnviða (þ.e. tækja, aðstöðu, gagnagrunna, þjónustu, kerfa, tölvuneta og annars sem talist getur nauðsynlegt og ómissandi fyrir iðkun vísinda) starfar nú undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytis, með þátttöku umhverfis- og auðlindaráðuneytis og velferðarráðuneytis auk nokkurra fulltrúa hagsmunaaðila. Hópurinn mun skila tveimur skýrslum. Í þeirri fyrri er farið yfir stöðu rannsóknarinnviða í dag og lagðar fram tillögur að því hvernig vinna megi vegvísu um málaflokkinn til næstu fimm ára. Vinna við þessa skýrslu er vel á veg komin og verður henni skilað í mars 2015. Í seinni skýrslunni verður staða vöktunarmála kortlögð og lögð fram tillaga að aðgerðaáætlun til eflingar vöktunar. Áætlað er að þeirri skýrslu verði skilað í september 2015.

4.1. Þróa heildstætt upplýsingakerfi um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samráði við háskóla, rannsóknarstofnanir og atvinnulíf.

Aðgerð: Fjárfest verði í upplýsingakerfi um afrakstur rannsókna og nýsköpunar. Kerfið mun veita yfirsýn yfir rannsóknar- og nýsköpunarstarf og auðvelda mat á virkni og gæðum rannsóknarstarfs í háskólum og rannsóknarstofnunum. Kerfið auðveldar jafnframt umsýslu háskóla og stofnana á innri starfsemi, t.d. með því að halda utan um starfsmannahald, kennslu og sókn í sjóði. Við þarfagreiningu verði horft til sjónarmiða háskóla, rannsóknarstofnana, stjórnsýslustofnana og fyrirtækja um allt land.

Aðgerðin er lykilaðgerð í áætluninni og tengist t.d. aðgerðum 3.1. og öðrum aðgerðum 4. kafla.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Staða

Ráðinn hefur verið sérstakur verkefnisstjóri í verkefnið og stefnt er að því að fjárfesta í upplýsingakerfi á árinu 2015.

4.2. Meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið. Taka skal tillit til mismunandi hefða og markmiða fagsviða og meta fjölbreyttan afrakstur rannsókna og nýsköpunar. Kanna hvort endurskipuleggja eigi Gæðaráð háskóla svo hlutverk þess nái einnig yfir rannsóknir í háskólum og rannsóknarstofnunum.

Aðgerð: Fyrirkomulag gæðamála verði endurskoðað í samráði við hagsmunaaðila. (Árangur aðgerðarinnar tengist aðgerðum 4.1. um heildstætt upplýsingakerfi um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs og 4.4. um bættu hagtölugerð. Tvær síðastnefndu aðgerðirnar eru forsendur eflingar á gæðamati.)

Gæðaráð háskólanna var sett á laggirnar árið 2010 og starfar það á grundvelli reglna um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum nr. 321/2009. Skipunartíma ráðsins lýkur 9. júlí 2014. Gæðaráðið hefur nú lokið úttekt á fimm háskólum og munu tveir til viðbótar verða metnir 2014 og 2015. Áætlað er að fyrstu umferð gæðamats á öllum háskólunum sjö ljúki haustið 2015.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur hafið vinnu við að fara yfir reynslu af starfi Gæðaráðsins síðustu fjögur árin og meta hvernig áfram verður haldið, þ.m.t. hvort útvíkka eigi hlutverk ráðsins til að ná yfir rannsóknir í háskólum og rannsóknarstofnunum.

Ábyrgðaraðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Staða

Gæðaráð háskólanna vinnur nú að úttekt á núverandi fyrirkomulagi gæðamála ásamt erlendum úttektaraðila og í samráði við hagaðila. Unnið er að því innan ráðuneytisins að meta framtíð gæðamála hér á landi, með hliðsjón af tillögum Gæðaráðsins og er áætlað að niðurstöður vinnunnar liggi fyrir í vor.

4.3. Kanna með reglubundnum hætti skiptingu opinberra fjárveitinga til vísinda og nýsköpunar og bregðast við mismunandi þátttöku tiltekinna hópa með sértækri upplýsingamiðlun og hvatningu til þátttöku.

Aðgerð: Því verði beint til stjórna opinberra samkeppnissjóða að til staðar séu upplýsingar um sókn og úthlutanir til ólíkra hópa, sem hægt sé að nýta til að bregðast við lítilli þátttöku ákveðinna hópa.

Ábyrgðaraðili: Vísinda- og tækniráð.

Staða - lokið

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók að sér að framfylgja aðgerðum 1.5, 3.2 og 4.3 sem allar, snúa að ábendingum til stjórna opinberra samkeppnissjóða. Eitt bréf til sjóðanna hefur verið ritað og var það sent út um miðjan febrúar sl.

4.4. Bæta hagtolugerð um íslenskt atvinnulíf m.t.t. rannsókna, verðmætasköpunar, útflutnings og nýsköpunar og nýta hagtolur til stöðugra umbóta í menntun, vísindum og nýsköpun.

Aðgerð: Tryggja þarf að Hagstofa Íslands vinni reglulega kannanir á útgjöldum til rannsókna og þróunar og á nýsköpunarvirkni fyrirtækja.

Hagstofa Íslands tók á árinu 2014 við öflun og úrvinnslu gagna um útgjöld til rannsókna og þróunar og nýsköpunarvirkni frá Rannís. Þetta eru tvær kannanir sem unnar eru annað hvert ár í samstarfi við EUROSTAT, annars vegar könnun á útgjöldum til rannsókna og þróunar og hins vegar mæling á nýsköpunarvirkni fyrirtækja (Community Innovation Survey – CIS). Tryggja þarf að Hagstofa Íslands hafi bolmagn til að vinna að þessum könnunum með reglubundnum hætti.

Hagstofa Íslands hefur ennfremur á árinu 2014 framleiðslu á fyrirtækjatölfræði. Með henni verður til fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar, ítarlegar upplýsingar um rekstur fyrirtækja eftir atvinnugreinum og svæðum auk svokallaðra skammtíma vísitalna sem veita munu mánaðar- eða ársfjórðungslegar upplýsingar um þætti eins og veltu, framleiðslu, innflutningsverð, atvinnu og fleira. Fyrirtækjatölfræðin er að fullu fjármögnuð og nær þessi aðgerð því ekki yfir hana.

Ábyrgðaraðili: Hagstofa.

Staða - lokið

Forsætisráðuneytið beitti sér fyrir hækkun framlaga til Hagstofu um 10 m.kr. svo stofnunin gæti sinnt þessum verkefnum og tók sú hækkun gildi frá og með árinu 2015. Hagstofan vinnur nú að því að safna upplýsingum um útgjöld til rannsókna og þróunar og er gögnum safnað frá fyrirtækjum, sjálfseignastofnunum, háskólastofnunum og öðrum opinberum stofnunum. Unnið verður úr niðurstöðum og fyrirhugað að kynna þær í lok apríl nk.

Gert er ráð fyrir að hefja rannsókn á nýsköpunarvirkni á Íslandi þegar rannsókn um útgjöld til rannsókna og þróunar er lokið á vormánuðum 2014.